




FÉLAG GRUNNSKÓLAKENNARA

ÁRSSKÝRSLA 2018



ÁVARP FORMANNS

Kæru félagar,

Árið 2018 hefur svo sannarlega verið viðburðaríkt innan Félags grunnskólakennara. Töluverð endurnýjun varð í öllum stjórnnum, nefndum og ráðum og margir að setjast nýir að borðinu. Það tekur tíma að slípa saman nýtt fólk en samstarf hefur gengið afar vel og allir boðnir og búnir að gera sitt allra besta fyrir félagið sitt og alla sem í því eru.

Framundan er mikið verk við að ná fram réttlátum leiðréttingum á kjörum kennara og ekkert má gefa eftir. Nú ríður á að við stöndum þétt eins og okkur einum er lagið.

Það hefur verið mér mikils virði að finna fyrir þeim stuðningi, samheldni og baráttuvilja kennara sem sótt hafa opnu kjarafundina um land allt nú í lok marsmánaðar. Þeir hafa fyllt mig bjartsýni og blásið mér eld í brjóst fyrir komandi samningaviðræður.

Ég vil þakka öllum þeim sem hafa á einn eða annan hátt lagt hönd á plóginn, jafnt þeim sem létu af störfum á árinu, þeim sem komu nýir inn og þeim sem hafa verið við störf og eru enn.

Þorgerður L. Diðriksdóttir
Formaður Félags grunnskólakennara

STJÓRN FÉLAGS GRUNNSKÓLAKENNARA

Í upphafi árs 2018 var í fyrsta sinn í sögu félagsins kosinn formaður í rafrænni félagakosningu. Fimm starfandi kennarar buðu sig fram til formanns, Hjördís Albertsdóttir, BKNE, Kjartan Ólafsson, KMSK, Kristján Arnar Ingason, KFR, Rósa Ingvarsdóttir, formaður KFR, Þorgerður L. Diðriksdóttir, KFR. Kosningu, með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða, hlaut Þorgerður L. Diðriksdóttir. Í kjölfarið fór fram rafræn kosning til stjórnar, samninganefndar og skólamálanefndar. Allir stjórnarmeðlimir komu nýir inn í stjórn við kosningu. Við tók biðtími eftir stjórnarskiptum fram að aðalfundi félagsins sem haldinn var í Borgarnesi, 17. og 18. maí 2018.

Fyrsti fundur nýrrar stjórnar fór fram að loknum aðalfundi FG, þann 18. maí 2018. Á þeim fundi skipti stjórn með sér verkum með eftirfarandi hætti:

Formaður: Þorgerður L. Diðriksdóttir KFR/FG.
Varaformaður: Hjördís Albertsdóttir BKNE/FG.
Gjaldkeri: Hreiðar Oddsson KMSK.
Ritari: Sigurður Freyr Sigurðarson (Bibbi) BKNE.

Meðstjórnendur:

Anna Guðrún Jóhannesdóttir BKNE.
Ásta Lóa Þórsdóttir KFR.
Jens Guðjón Einarsson KR.

Varamenn stjórnar eru:

Svava Þórhildur Hjaltalín BKNE.
Silja Kristjánsdóttir KR.
Þórdís Sævarsdóttir KFR.
Kjartan Ólafsson KMSK.
Lára Guðrún Agnarsdóttir KFR.

Frá stjórnarskiptum 2018 til áramóta voru haldnir 7 formlegir stjórnarfundir. Auk þeirra hefur stjórn fundað oftast með samninganefnd félagsins og svæðaformönnum bæði vegna kjarasamningsviðræðna og þeirrar staðreyndar að einungis var samið til eins árs og því samningarlausir aftur 30. júní 2019. Tölvupóstur og lokuð Facebook síða voru einnig notuð til samskipta milli stjórnarmeðlima.

SAMNINGANEFND

Samninganefnd FG skipa stjórn og fimm fulltrúar sem kjörnir voru í rafrænni félagakosningu í byrjun febrúar 2018. Eftirtaldir hlutu kosningu:

Aðalmenn:

Eva Káradóttir (KV).
Gauti Eiríksson (KR).
Jón Ingi Gíslason (KFR).
Sigfús Aðalsteinsson (BKNE).
Silja Kristjánsdóttir (KR).

Varamenn:

Örlygur Þór Helgason (KMSK).
Þórdís Sævarsdóttir (KFR).
Kjartan Ólafsson (KMSK).
Árni Már Árnason (KR).
Torfhildur Sigurðardóttir (KMSK).

Formaður FG er jafnframt formaður samninganefndar. Ritari nefndarinnar er Sigurður Freyr "Bibbi" Sigurðarson (BKNE og ritari stjórnar). Frá síðasta ársfundi hafa verið haldnir fjölmargir fundir í samninga- og viðræðunefnd.

Í viðræðunefnd við samningaborðið í maí sátu:

Þorgerður L. Diðriksdóttir.

Anna Guðrún Jóhannesdóttir.

Silja Kristjánsdóttir.

Jón Ingi Gíslason.

Jens Guðjón Einarsson.

Voru þau tilnefnd á samninganefndarfundi og hlutu einróma samþykki nefndarfulltrúa.

Kjarasamningur Félags grunnskólakennara (FG) og Sambands íslenskra sveitarfélaga (SNS) hafði verið laus frá 1. desember 2017 og höfðu félagsmenn hafnað undirrituðum samningi í rafrænni kosningu í mars 2018. Viðræður gengu erfiðlega og var nýrri samninganefnd boðið að taka við viðræðum í lok apríl þrátt fyrir að formleg stjórnarskipti yrðu ekki fyrir en á aðalfundi 18. maí. Ný samninganefnd tók því við störfum tæpum mánuði fyrir en áætlað var. Eftir langar og strangar fundasetur tókust samningar loks 25. maí 2018. Í kjölfarið fór samninganefnd í hringferð um landið til að kynna samninginn. Kjörsókn var 73% og var samningurinn samþykktur með miklum meirihluta, eða 74% greiddra atkvæða.

Aðalatriði samnings voru:

- 4,1% launahækkun frá og með 1. júní 2018.
- 150.000 eingreiðsla frá og með 1. júní 2018.
- Launaflokkur bætist við eftir 20 ár í kennslu (eða 50 ára aldur hjá þeim sem taka laun eftir lífaldri) frá og með 1. ágúst 2018.
- Vinnumatið fellur út og tími til undirbúnings aukinn upp í 27 mínútur á hverja kennslustund.
- Nýr menntakafli frá og með 1. ágúst 2018.

Auk þess voru fimm bókanir aftast í samningnum er varða eftirfylgd með umbótaáætlun sveitarfélaga, úttekt á störfum skólasafnskennara, tryggingu raddar, samstarf við menntamála-yfirvöld og launaröðun starfsheita.

SKÓLAMÁLANEFND

Í upphafi febrúarmánaðar 2018 fór fram rafræn félagakosning til skólamálanefndar, eftirfarandi hlutu kosningu:

Aðalmenn:

Alda Áskelsdóttir KR.

Kristín Björnsdóttir KS.

Rannveig Þorvaldsdóttir KFR.

Til vara:

Þorbjörg Ólafsdóttir BKNE.

Lára Guðrún Agnarsdóttir KFR.

Árný Jóna Stefánsdóttir KMSK.

Framhald aðalmenn:

Sigprúður Harðardóttir KS.

Svava Þórhildur Hjaltalín BKNE.

Þórdís Sævarsdóttir KFR.

Framhald til vara:

Margrét Össurardóttir KR.

Guðrún I. Stefánsdóttir KMSK.

Mikil endurnýjun varð í skólamálanefnd FG en Svava Þórhildur Hjaltalín hafði setið í nefndinni á fyrra kjörtímabili 2014-2018. Þórdís Sævarsdóttur hefur einnig áður setið í skólamálanefnd.

Varaformaður FG, Hjördís Albertsdóttir, er jafnframt formaður skólamálanefndar. Kristín Björnsdóttir er ritari.

Frá því að ný skólamálanefnd hóf störf hafa verið haldnir 7 fundir. Þá voru tölvusamskipti notuð milli funda til að tryggja áframhaldandi vinnu við fyrirliggjandi verkefni. Hlutverk skólamálanefndar samkvæmt lögum Félags grunnskólakennara er:

- að fjalla um fagleg málefni og skólamál í samráði við stjórn félagsins og skólamálaráð,
- að vinna að eflingu kennaramenntunar og endurmenntunar félagsmanna,
- að annast tengsl við fagfélög og sambærilegar nefndir annarra uppeldisstétta.

Störf skólamálanefndar FG mótast að mestu leyti af ákvörðunum aðalfundar FG. Einnig berast nefndinni ýmis mál frá stjórn FG, framkvæmdastjórn Skólamálaráðs KÍ, Fræðslunefnd KÍ, mennta- og menningarráðuneytinu, sveitarfélögum auk fjölda annarra aðila.

Á fyrsta fundi sínum fór skólamálanefnd fór yfir þær samþykktir sem lágu fyrir eftir 7. aðalfund FG og þau verkefni sem henni voru falin. Nefndin tók þá ákvörðun að leggja áherslu eflingu ásýndar og virðingar kennarastarfsins, að kennarar fengju í ríkari mæli að koma að borðinu um málefni skóla og mótun skólastarfs, eflingu list og verkgreina og efling íslenskukennslu í skólum.

Fulltrúar í nefndinni tóku þá ákvörðun á 2. fundi að heppilegast væri að vinna að eflingu íslenskukennslu í skólum á vettvangi KÍ þar sem mikil áhersla er lögð á eflingu íslensku hjá framkvæmdastjórn skólamálaráðsins og vinna þá í samvinnu við það. Í stað þess ákvað nefndin að taka upp brýnt málefni og setja í brennidepil, kulnun kennara og brotthvarf úr stéttinni. Nefndin ásamt skólamálanefnd SÍ ætla að setja á fót málþing árið 2019 með áherslu á forvarnir.

SAMSTARFSNEFND FG OG SNS

Í kjarasamningi segir um samstarfsnefnd: Samstarfsnefnd, skipuð þremur fulltrúum frá hvorum aðila, skal fjalla um ágreining, sem upp kann að koma, út af samningi þessum. Hvor aðili um sig getur skotið málum til nefndarinnar og kallað hana til starfa.

Fulltrúar FG í samstarfsnefnd eru Þorgerður L. Diðriksdóttir, formaður FG, Hjördís Albertsdóttir, varaformaður FG og Jón Ingi Gíslason, samninga- og viðræðunefnd FG og formaður KFR. Af hálfu SNS hafa Bjarni Ómar Haraldsson og Inga Rún Ólafsdóttir setið í samstarfsnefnd. Auk þeirra sat Atli Atlason, fulltrúi kjarasviðs Reykjavíkurborgar, fram að sumri en hann lét af störfum í júlí. Í hans stað kom Harpa Ólafsdóttir sem fulltrúi kjarasviðs Reykjavíkurborgar.

Hlutverk nefndarinnar er að funda um málefni gildandi kjarasamnings og þau ágreiningsefni sem upp koma á samningstímanum. Niðurstaða mála sem fyrir nefndina fara eru bindandi gagnvart samningsaðilum. Hvor aðili um sig hefur eitt atkvæði og falla mál á jöfnu. Því má segja að hvor aðili um sig hafi neitunarvald. Nefndin fundaði reglulega framan af með ágætum árangri. Þegar eitt stærsta ágreiningarmál ársins, túlkun nýja menntaákvæðis kjarasamningsins, kom upp og ekki náðist ekki að leysa úr því í nefndinni, urðu samskipti stíðari og fundum fækkaði. Enn hefur ekki tekist að leysa úr þessum ágreiningi, enda úr höndum samstarfsnefndar og komið inn inn á borð lögfræðinga þar sem það bíður afgreiðslu félagsdóms.

Reglulega koma upp þær aðstæður að aðrir en hlutaðeigandi aðilar telja það sitt hlutverk að túlka kjarasamninginn og fer mikill tími í að leiðrétta slíkt. Sum mál er hægt að afgreiða tiltölulega hratt, en önnur taka langan tíma með aðkomu margra aðila. Það skal ítrekað að það er hlutverk samninganefnda og/eða samstarfsnefndar fulltrúa og engra annarra að túlka kjarasamninginn og greiða úr ágreiningi sem upp kann að koma.

SAMRÁÐSFUNDIR

Samkvæmt lögum FG skal stjórn boða til samráðsfundar með formönnum svæðafélaga að minnsta kosti tvisvar á ári. Samráðsfundi er ætlað að vera stjórn til ráðgjafar um stjórnun félagsins, m.a. við undirbúning aðalfundar og ársfunda.

Svæðaformenn komu til fundar við stjórn og samninganefnd þegar stutt var í undirritun samninga í maí. Haldnir voru samráðsfundir á Flúðum í september og Reykjavík í desember. Helstu fundar-efni voru kjara- og réttindamál, skólamálin auk annars sem kom upp hverju sinni. Formaður og varaformaður hittu svæðaformenn bæði á haustþingum félaganna og trúnaðarmannanámskeiðum um land allt. Auk þess eru virk samskipti milli stjórnar og svæðaformanna á lokaðri Facebooksíðu.

Á árinu 2018 urðu einungis ein formannaskipti. Bergmann Guðmundsson lét af störfum sem formaður Kennarasambands Norðurlands Vestra (KSNV) nú á haustdögum eftir farsælan feril með félaginu sínu. Í hans stað kom Álfhildur Leifsdóttir, kennari við Árskóla á Sauðárkróki. Um leið og við óskum Álfhildi gæfu og velfarnaðar í störfum sínum þökkum við Bergmanni fyrir vel unnin störf og óskum honum velfarnaðar.

Það skiptir félagið miklu máli að eiga sterkan hóp svæðaformanna sem taka virkan þátt í starfinu og við stefnumótun félagsins. Stjórn FG vill nota tækifærið og þakka þeim samstarfið á liðnu starfsári.

FRÆÐSLU- OG KYNNINGARSJÓÐUR

Stjórn sjóðsins skal skipuð á samráðsfundi félagsins og skulu tveir stjórnarmenn FG og tveir svæðaformenn FG tilnefndir. Að auki situr formaður félagsins í stjórn og er jafnframt formaður stjórnar. Stjórnin starfar skv. reglum þessum og ákvörðunum árs- og aðalfunda FG. Allar

styrkúthlutanir skulu lagðar fyrir samráðsfund stjórnar og svæðaformanna FG til staðfestingar. Ákvarðanir stjórnar sjóðsins er varða styrkúthlutanir eru endanlegar gagnvart félagsmönnum.

Í sjóðsstjórn sitja Anna Guðrún Jóhannesdóttir, Jens Guðjón Einarsson og Þorgerður L Diðriksdóttir fyrir hönd stjórnar og Kolbrún Guðmundsdóttir, formaður KS og Páll Erlingsson, formaður KR fyrir hönd svæðaformanna.

Fræðslu- og kynningarsjóður samþykkti allar umsóknir sem bárust vegna mastersnáms, eða alls um 18 umsóknir, 12 í febrúar og 6 í september.

Ályktun um sjóðinn var lögð fram á aðalfundinum. Þar leggur aðalfundurinn til að nú þegar verði hafist handa við að kanna möguleika á að styrkja kennara til að taka þátt í kennaraskiptaáætlun við Kanada sem verið er að vinna að og verða þannig hluti af verkefni sem teygir sig til Nýja-Sjálands, Finnlands, Kanada og Ástralíu. Stjórn sjóðsins leitar leiða til að efna til samstarfs við fleiri lönd á svipuðum grunni. Stjórn FG ákvað að fylgja þeirri ályktun eftir og styrkja kennara til ALICE verkefnisins (sjá nánar í kaflanum *Erlent samstarf*).

FULLTRÚAR FG Í STJÓRNUM SJÓÐA OG NEFNDA

FRAMBOÐSNEFND

Guðrún Þóra Hjaltadóttir, aðalmaður.
Lára Guðrún Agnarsdóttir, varamaður.

SIÐARÁÐ

Siggerður Ólöf Sigurðardóttir, aðalmaður.
Hreiðar Oddsson, varamaður.

JAFNRÉTTISNEFND

Kolbrún Guðmundsdóttir, aðalmaður.
Margrét Þorvaldsdóttir, varamaður.

SJÚKRASJÓÐUR

Margrét Sigríður Þórisdóttir, aðalmaður.
Sigrún Þorbergsdóttir, varamaður.

KJÖRSTJÓRN

Jónína Holm, aðalmaður.
Hilmar Þór Sigurjónsson, varamaður.

SKOÐUNARMENN REIKNINGA

Örn Valdimarsson, aðalmaður.
Sigurður Sigurðarson, varamaður.

ORLOFSSJÓÐUR

Samúel Örn Erlingsson, aðalmaður.
Ólafur Valgeir Guðjónsson, varamaður.

VINNUDEILUSJÓÐUR

Hilmar Þór Sigurjónsson, aðalmaður.
Jón Ingi Gíslason, varamaður.

VONARSJÓÐUR

Arna B Kristmanns, aðalmaður.
Rósa Harðardóttir, aðalmaður.
Kristín María, varamaður.
Jónína Hólm, varamaður.

VINNUMHVERFISNEFND

Helga Dögg Sverrisdóttir, aðalmaður.
Vigdís Klemenzdóttir, varamaður.

ÚTGÁFURÁÐ

Daníel Geir Moritz, aðalmaður.
Ágúst Tómasson, varamaður.

SKRIFSTOFA, STARFSMANNAHALD OG FJÁRMÁL FÉLAGSINS

Starfsmannamál félagsins eru með þeim hætti að formaður og varaformaður sinna fullu starfi á vegum FG. Þröstur Brynjarsson sem verið hafði þjónustufulltrúi bæði leik- og grunnskólasviðs var færður alfarið yfir á leikskólasvið á haustdögum og Guðbjörg Ragnarsdóttir, sem ráðin hafði verið sem þjónustufulltrúi FG í fullt starf, tók alfarið við grunnskólasviðinu. Að auki nýtur FG starfskrafta Guðjóns Ágúst Gústafssonar þjónustufulltrúa KÍ. Skrifstofa félagsins er opin alla virka daga frá 9-16.

Aðalfundur FG samþykkti fjárhagsáætlun félagsins fyrir tímabilið 2018-2022 (sjá útgefnar þingsamþykktir 7. aðalfundar FG) sem byggði á samþykktum 7. þings Kennarasambandsins árið 2018. Framlag frá KÍ skiptist í þrjá hluta framlag vegna launa, reksturs og vegna svæðafélaga. Kjaraviðræður voru kostnaðarsamar á síðasta ári auk þess sem biðlaunakostnaður fráfarandi formanns og varaformanns bættust við launagreiðslur.

Reikningar félagsins fyrir árið 2018 verða lagðir fram til kynningar á fundinum og mun gjaldkeri gera grein fyrir þeim.

Kjarasamningsviðræður voru afar tímafrekar og kostnaðarsamar á vormánuðum þar til samningar náðust. Vinnudeilusjóður hefur greitt sannanlegan kostnað við kjarasamningagerð aðildarfélaga KÍ eftir að viðræðuáætlanir hafa verið gerðar. Aukinn launakostnaður var á árinu vegna biðlaunagreiðslna til fyrrum formanns og varaformanns þar sem endurnýjun varð í stjórn. Að lokum varð útgáfa kennarahandbókarinnar sem samþykkt var á aðalfundi félagsins dýr biti sem áður hafði verið á höndum Kennarasambands Íslands.

TRÚNAÐARMANNANÁMSKEIÐ FG

Trúnaðarmannanámskeið voru haldin í öllum svæðafélögum á haustmánuðum. Formaður og varaformaður héldu námskeiðin ýmist önnur eða báðar.

Vel var mætt á alla fundina og margir nýir trúnaðarmenn að taka við hlutverkinu. Helsta umræðuefni fundanna, auk almennra kjarasamningsákvæða, var oftast ekki uppbrotsdagar og aðrir dagar, svo sem foreldraviðtalsdagar, þar sem vinnutími kennara er ekki skýr. Gaman var að sjá hversu áhugasamir trúnaðarmenn eru um að standa vörð um kjarasamninginn og tilbúnir að leggja félaginu lið

Trúnaðarmenn eru einn af hornsteinum félagsins og gæta þess að farið sé eftir gildandi kjarasamningi. Mikilvægt er fyrir FG að hafa þennan hóp sér til halds og traust inni í skólunum.

Stjórn FG færir trúnaðarmönnum miklar þakkir fyrir frábær störf.

HAUSTÞING SVÆÐAFÉLAGA

Haustþingin eru ein af viðamestu verkefnum svæðafélaganna á landsbyggðinni. Stjórn FG telur mikilvægt að senda fulltrúa á haustþingin og sóttu formaður og varaformaður öll þingin, saman eða í sitthvoru lagi. Aðrir stjórnarmeðlimir sóttu þingin í sínu svæðafélagi. Haustþingin voru vel sótt og gegna þau stóru hlutverki er varðar endurmenntun.

Þingin gegna ekki síður mikilvægu hlutverki fyrir félagslega þátttöku kennara þar sem þau skapa tækifæri til að hitta fólk úr öðrum skólum innan svæðafélagsins.

ERLENT SAMSTARF

Kennarasamband Íslands er aðili að Nordiska Lärarorganisationers Samråd - NLS. Félaginu er skipt í nokkrar deildir, þar með talið grunnskóladeild sem FG er aðili að. Formaður og varaformaður FG hafa sótt að jafnaði tvo fundi á ári með fulltrúum annarra kennarasamtaka á Norðurlöndum. Á þessum fundum er skipst á skoðunum um skólamál og sagt frá því helsta sem er á döfinni í hverju landi fyrir sig. Oftast er eitt ákveðið efni, einskonar þema fundanna.

Sumarnámskeið NLS í Þórshöfn í Færeyjum

Fyrir hönd FG fóru Hjördís Albertsdóttir, varaformaður, Ásthildur Lóa Þórsdóttir, KFR og Mjöll Matthíasdóttir, formaður BKNE. Þetta var afar lærdómsrík og skemmtileg ferð.

Ulead ráðstefna í Kanada

Fráfarandi formaður og varaformaður sóttu uLead ráðstefnu í Banff í Kanada um miðjan apríl. ULead ráðstefnan hefur verið haldin fjögur ár í röð á vegum skólayfirvalda í Alberta fylki, nánar tiltekið Council for School Leadership sem er sérfræðingaráð Kennarasambands Albertafylkis (Alberta Teacher's Association, ATA). Þema ráðstefnunnar þetta árið var hvernig leiða megi skóla með hönnun að leiðarljósi og að ræða í hvaða átt við stefnum sem leiðtogar og kerfi. Vekja átti þátttakendur til umhugsunar um það á nokkuð ögrandi hátt hvers vegna skólastjórnendur og ráðamenn taka þær vísitandi ákvarðanir sem þeir gera til að ná fram ákveðnum námsárangri.

Í kjölfarið héldu nokkrir íslenskir kennarar úr þremur skólum til Edmonton í Kanada þar sem þeir könnuðu grundvöll og freistuðu þess að koma á samstarfi við þrjá kanadíska skóla. Verkefnið ber heitið ALICE - Alberta Iceland International Research Partnership. ALICE er verkefni til þriggja ára sem gengur út á samstarf kennara og nemenda þriggja skóla þar sem áherslan er á hvað það er sem gerir góðan skóla fyrir alla. Kanadamenn líta til Íslands hvað varðar skóla fyrir alla.

Kanadíski hópurinn sem íslensku kennararnir hittu í apríl kom svo til Íslands í byrjun nóvember til að heimsækja skólana. Bæði kanadískir kennarar og nemendur áttu ekki til orð yfir því frelsi sem íslenskir nemendur búa við, sér í lagi hvað varðar leiktæki á skólalóðinni og frelsi utandyra. Auk þess fannst þeim afar áhugavert að öllum væri blandað saman en ekki væru sérdeildir í öllum skólum eða einfaldlega sérskólar.

NLS ráðstefna í Danmörku

Í október sóttu formaður og varaformaður NSL ráðstefnu í Danmörku um umbætur í menntun á Norðurlöndum í alþjóðlegu samhengi.

Undanfarin ár hafa formaður og varaformaður sótt fundi á vegum NLS, alþjóðasamtökum kennara og Evrópusambands kennara um ýmis málefni tengd kjara- og skólamálum. Mikil aukning hefur orðið í óskum um þátttöku félagsins í ýmsum ráðstefnum og fundum tengdum störfum kennara.

UPPLÝSINGAGJÖF

Á síðasta ári var mikið af efni sent í tölvupóstum beint til félagsmanna. Mikið af því efni tengdist efni kjarasamnings og álitaaatriðum. Formaður sendi út fróðleiksmola hálfmánaðarlega þar sem skerpt var á ýmsum réttindum í ákvæðum kjarasamnings sem kennara eiga til að gleyma í dagsins önn.

Opinber upplýsingasíða Félags grunnskólakennara á Facebook er vettvangur fyrir félagið að auglýsa viðburði, vekja athygli á greinum eða birta fréttir fyrir félagsmenn. Frábært er þegar félagsmenn senda ábendingar um skemmtilegar upptakomur, greinar eða fréttir sem hægt er að setja inn á vefinn.

Fjölmiðlar sýna félaginu mikinn áhuga og mikil eftirspurn er eftir álitum forystunnar á málefnum tengdum menntamálum og kjarasamningum auk þess sem óskað er eftir blaða-, útvarps- og sjónvarpsviðtölum.

Kennarasamband Íslands er síðan með bæði Twitter og Instagramsíðu sem óðum safnar að sér fleiri fylgjendum. FG vill hvetja félagsmenn til að fylgja KÍ á þessum samfélagsmiðlum og deila gleðinni sem fylgir því að vera kennari.

ÁRSSKÝRSLUR SVÆÐAFÉLAGA

BANDALAG KENNARA Á NORÐURLANDI EYSTRA (BKNE)

Starfssvæði Bandalags kennara á Norðurlandi eystra nær frá Dalvík í vestri og austur á Bakkafjörð. Á félagssvæðinu eru tíu sveitarfélög sem starfrækja nú 23 grunnskóla.

Stjórn 2018 - 2019

Formaður: Mjöll Matthíasdóttir (Þingeyjarskóla).
Varaformaður: Helga Dögg Sverrisdóttir (Síðuskóla).
Ritari: Pollý Rósa Brynjólfssdóttir (Brekuskóla)
Gjaldkeri: Anna Guðrún Jóhannsdóttir (Glerárskóla).
Meðstjórnandi: Jónína Vilborg Karlsdóttir (Lundarskóla).

STÖRF FÉLAGSINS

Aðalfundur

Aðalfundur var haldinn á Akureyri 17. ágúst 2018. Fundurinn var felldur inn í dagskrá haustþings og var vel sóttur. Formaður var endurkjörin og í stjórn voru kjörnar til tveggja ára: Helga Dögg Sverrisdóttir, Síðuskóla og Anna Guðrún Jóhannsdóttir, Glerárskóla. Til eins árs vegna leyfis Erlu Ránar, Jónína Vilborg Karlsdóttir Lundarskóla. Í varastjórn voru kjörin Kristjana Ríkey Magnúsdóttir Borgarhólsskóla og Sigurður Freyr Sigurðarson Síðuskóla.

Að loknum aðalfundarstörfum ávarpaði Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður FG fundinn og svaraði einnig nokkrum fyrirspurnum.

Haustþingsdagur 2018

Að þessu sinni var efnt til samstarfs við FSNE (félag stjórnenda á svæðinu) og Lærdómssamfélagið í Eyjafirði. Kennarar komu saman 17. ágúst í Brekkuskóla. Málþingið bar yfirskriftina **Efling hugans**: Andleg heilsa, velferð og vellíðan nemenda og starfsfólks. Aðalfyrirlesari var John Paul Fitzpatrick og fjallaði hann um Hugarfar vaxtar. Þá voru fundir félaganna BKNE og FSNE. Síðan voru á dagskrá tvær lotur af menntabúðum með fjölbreyttu efni og menntamálastofnun kynnti útgáfuefni á göngum. Í lok dags voru svo faggreina- og árgangafundir. Dagurinn var mjög vel sóttur og þótti takast vel samkvæmt könnun sem send var félagsmönnum.

Trúnaðarmannafundir

Trúnaðarmannanámskeið haustið 2018 var haldið á Lambinn Öngulstöðum 30.-31.október. Þorgerður Laufey Diðriksdóttir formaður FG fræddi trúnaðarmenn um helstu hlutverk þeirra auk þess sem hún talaði um öryggistrúnaðarmenn í skólum og hlutverk fulltrúa kennara í skólanefndum sveitarfélaga.

Trúnaðarmenn á svæðinu og stjórn BKNE nýta samskiptamiðilinn Facebook í auknum mæli og skiptast þar á upplýsingum og skoðunum.

Þá hafa trúnaðarmenn á Akureyri komið saman nokkrum sinnum og rætt málin.

Önnur starfsemi

Félagið hefur öðru hvoru boðið félagsmönnum uppá fyrirlestra eða fræðslu af ýmsum toga. Á haustdögum var haldið konfektgerðarnámskeið sem var vel sótt.

Fulltrúar svæðafélagsins sóttu 7. þing KÍ í Reykjavík í apríl og einnig 7. aðalfund FG í Borgarnesi í maí.

KENNARASAMBAND VESTFJARÐA (KSV)

Stjórn

Formaður: G. Rakel Brynjólfsdóttir, Grsk. á Þingeyri.
Varaformaður: Aðalbjörg Óskarsdóttir, Grsk. Drangnesi.
Ritari: Jóhanna Ása Einarsdóttir, Grsk. á Ísafirði.
Gjaldkeri: Árný Herbertsdóttir, Grsk. á Ísafirði.
Meðstjórnandi: Sonja Elín Thompson, Grsk. á Þingeyri.
Varamenn: Helga Aðalsteinsdóttir, Grsk. á Ísafirði.
Kristín Oddsdóttir, Grsk. á Ísafirði.

STÖRF FÉLAGSINS

Stjórnarfundir 2018

Starfsemi KSV hefur verið með hefðbundnu sniði árið 2018. Haldnir hafa verið 5 stjórnarfundir og þess fyrir utan fara fram dágóð samskipti á samskiptamiðlum, þar sem auðvelt er að leysa ýmis minniháttar mál.

Haustþing 2018

Haustþingið var haldið í Grunnskólanum á Suðureyri 7. september 2018.

Þetta árið var "litla þing" og í boði var fyrirlestur frá Eyþóri Eðvarðssyni, vinnustaðasálfræðing um samskipti á vinnustað. Mikil ánægja með það sem hann hafði fram að færa. Við fengum líka gesti, þær Þorgerði Diðriksdóttur og Hjördísi Albertsdóttur, nýr formaður og varaformaður FG en þær kynntu sig og sínar áherslur í nýjum störfum. Þær voru síðan til viðtals fyrir fundarmenn eftir þörfum meðan á þinginu stóð. Elín Þóra Stefánsdóttir í Grsk. í Bolungarvík var með kynningu á Etwinnig - verkefninu en hún hefur verið ötul við að kynna okkur hvað er þar á seyði og hvatt kennara til að taka þátt. Einnig var kynning á námsefni frá MMS og kennarar í Grsk. Suðureyri tóku röltið með fundarmönnum og sýndu þeim skólann sinn. Fjöldi þátttakenda var um 40 manns. Nokkur afföll voru á síðustu stundu en lengi vel áttum við von á þátttakendum frá öllum skólum á svæðinu.

Að lokum var aðalfundur KSV þar sem fram fóru stjórnarskipti. Helga Jónsdóttir og Magnúsína Laufey og Edda Grachien gengu úr aðalstjórn. Aðalbjörg og Sonja komu inn af varamannabekknunum og tveir nýir varamenn gáfu kost á sér, Helga og Kristín frá Grsk. Ísafirði. Guðrún Rakel Brynjólfsdóttir gaf kost á sér til áframhaldandi starfa sem formaður. Ný stjórn situr til hausts 2021.

Trúnaðarmannafundur var haldinn að morgni þingdags. Kjarasamningsvinna var auðvitað í algleymi síðastliðið ár og loks náðist að landa samningi í maí 2018. Það var því mjög gott að ræða breytingar og rifja upp eldri atriði með trúnaðarmönnum og formönnum félagsins. Önnur samskipti hafa farið í gegnum tölvupóst á þessum vetri milli form. og trúnaðarmanna á svæðinu.

KENNAFÉLAG VESTMANNAEYJA (KV)

Stjórn

Formaður: Sigurhanna Friðþórsdóttir.
Varaformaður: Eva Káradóttir.
Ritari: Súsanna Georgsdóttir.
Gjaldkeri: Jónatan Guðni Jónsson.
Meðstjórnandi: Margrét Elsabet Kristjánsdóttir.
Varamenn: María Pálmadóttir og Ester Sigríður Helgadóttir.
Skoðunarmenn reikninga: Arnheiður Pálsdóttir og Helga Sigrún Þórsdóttir.

Á aðalfundi í október 2018 lét Guðríður Jónsdóttir af störfum en í hennar stað kom Eva Káradóttir inn í stjórnina og tók við varaformennsku. Jónatan er áfram gjaldkeri, Súsanna ritari og Margrét Elsabet meðstjórnandi. Varamenn frá og með aðalfundi KV 2018 eru María Pálmadóttir og Ester Sigríður Helgadóttir.

STÖRF FÉLAGSINS

Stjórn félagsins fundaði sjö sinnum á árinu. Félagshundir á tímabilinu voru þrjár. Hæst ber að nefna fund sem haldinn var í janúar eftir að bæjaryfirvöld buðu stjórn KV aðkomu að mati á hvort skipta skyldi Grunnskóla Vestmannaeyja upp og ráða tvo skólastjóra. Eftir að kostum og göllum hafði verið velt upp og þeir skoðaðir í þau var það niðurstaða fundarins að ekki skyldi farið í slíkar breytingar en hins vegar skorað á bæjaryfirvöld að skoða aðra möguleika svo sem að fjölga deildarstjórum.

Aðalfundur KV fór fram í október eins og áður segir. Gestur fundarins var Þorgerður L Diðriksdóttir formaður FG.

Formaður sat þó nokkra samráðsfundi stjórnar FG, svæðaformanna og samninganefndar. Auk þess sótti formaður þing KÍ í apríl en var vant við látinn á aðalfundi FG. Fulltrúar KV þar voru Guðríður Jónsdóttir varaformaður, Súsanna Georgsdóttir ritari og Svanhvít Friðþjófsdóttir.

Fulltrúi KV í Fræðsluráði hjá Vestmannaeyjabæ er Kolbrún Matthíasdóttir og hefur hún málfrelsi og tillögurétt þar.

Haustþing

Viðamesta verkefni KV er árlegt haustþing. Við undirbúning þinga eru þrjú af fimm lagalegum hlutverkum félagsins höfð að leiðarljósi; að efla samvinnu og samstöðu félagsmanna, að vinna að endurmenntun og stuðla að þróun í uppeldis- og skólamálum. Einnig hefur verið stefnt að því að viðfangsefni þinganna verði uppbyggileg fyrir félagsmenn, bæði faglega og persónulega, og hefur stjórnin leitað ýmissa leiða til að ná þessum markmiðum.

Haustþing KV 2018 fór fram í Vestmannaeyjum. Þingið var með óhefðbundnu sniði þar sem fráfall náins ættingja eins starfsmanns varð til þess að þinginu var skipt á tvo daga til að koma í veg fyrir skörun við útför. Samgöngur settu strik í reikninginn og einn fyrirlesaranna komst ekki til Eyja. Almenn ánægja var með fyrirlesara og efni þeirra.

Trúnaðarmannafundir

Trúnaðarmenn félagsins sóttu trúnaðarmannafund á vegum Kennarafélags Suðurlands á Selfossi í maí en voru veðurtepptir í Eyjum þegar haustfundurinn fór fram. Aðalumræðuefnið var kjarasamningar.

Samstarf

Því miður náðist ekki samstarf við kennara á öðrum skólastigum í Vestmannaeyjum að þessu sinni en áfram verður stefnt að slíku.

KV er lítið og öflugt svæðafélag þar sem þátttaka í viðburðum og umræðum einkennist af kröftugum félagsmönnum sem láta ekki sitt eftir liggja í leik og starfi.

KENNAFÉLAG VESTURLANDS (KFV)

Stjórn Kennarafélags Vesturlands, starfsárið 2017 til 2018 var skipað á aðalfundi félagsins í Heiðarskóla Hvalfjarðarsveit, september 2018. Breytingar urðu á stjórn félagsins þar sem Særún Gestsdóttir, Brekkubæjarskóla, gjaldkeri félagsins og Gunnar Straumland, Grunnskóla Borgarfjarðar meðstjórnandi, gáfu ekki kost á áframhaldandi setu í stjórn félagsins. Gunnhildur Björnsdóttir, Grundaskóla Akranesi og Hugrún Elísdóttir, Grunnskóla Snæfellsbæjar, voru kosnar inn í stjórn til 2 ára. Áfram sátu í stjórn Steinunn Magnúsdóttir, Grunnskóla Stykkishólms, Halla Karen Gunnarsdóttir, Grunnskólanum í Grundafirði og Hrafnhildur Jónsdóttir formaður félagsins.

Á fyrsta fundi nýrra stjórnar fór fram verkaskipting sem hér segir: Hugrún Elísdóttir var kosinn gjaldkeri félagsins, Steinunn Magnúsdóttir var áfram varaformaður, Halla Karen Gunnarsdóttir var áfram ritari og Gunnhildur Björnsdóttir meðstjórnandi.

Á haustþingi voru kosnar í uppstillinganefnd Ingibjörg Harpa Ólafsdóttir og Vilborg Helgadóttir. Skoðunarmenn reikninga voru endurkjörnar en það eru þær Laufey Karlsdóttir og Hanna Sigríður Kjartansdóttir.

Trúnaðarmenn

Eitt trúnaðarmannanámskeið var haldið fyrir nýja trúnaðarmenn í september og voru þeir settir inn í málefni trúnaðarmanna. Einnig voru haldnir tveir trúnaðarmannafundið í mars og júní í tengslum kjarasamninga þetta árið.

Haustþing KFV og SkóV

Haustþing KFV og SkóV verður sameiginlegt og er þetta annað haustþingið sem KFV og SkóV halda sameiginlega en fyrsta þingið tókst mjög vel og voru báðir aðilar mjög ánægðir með þetta fyrirkomulag. Í ár hefur þetta þróast áfram og hefur SkóV komið meira að skipulagi þingsins. Vonandi heldur þetta samstarf áfram að þróast.

Fyrirkomulagið á núverandi þingi er með sama sniði og undanfarin ár. Leitað hefur verið til kennara á svæðinu til að halda örnámskeið og vonum við að þessi háttur á haustþingi yti undir frekari samskipti og starfsþróun á svæðinu. Ákveðið var að hafa örnámskeið fyrir og eftir hádegi en á síðasta þingi var málstofa eftir hádegi.

Ákveðið var á síðasta haustþingi að næsta haustþing skyldi fara fram í Borgarnesi, en því miður reyndist það ekki mögulegt það sem fundarstaðurinn, Grunnskólinn í Borgarnesi, verður lokaður vegna framkvæmda. Heiðarskóli var tilbúinn að taka á móti félagsmönnum KFV og SkóV með stuttum fyrirvara og sjá um skipulagningu innan skólans ásamt stjórn KFV. Bestu þakkir til starfsfólks Heiðarskóla fyrir jákvætt og frábært viðmót við þessar aðstæður.

Kjaramál

Í júní sl. náðust samningar milli FG og sveitafélaganna eftir að félagsmenn höfðu fellt kjarasamning á vordögum. Ný stjórn og samninganefnd FG tók við og náði ný samninganefnd samning við SNS sem var samþykktur af félagsmönnum.

Formaður sat fjölmarga fundi með öðrum svæðaformönnum, stjórn og samninganefnd í tengslum við kjarabaráttu á liðnu ári.

Einnig sátu fulltrúar frá Kennarafélagi Vesturlands þing KÍ sem fram fór í apríl og aðalfund grunnskólakennara sem fram fór í Borgarnesi í maí.

KENNARAFÉLAG MOSFELLSBÆJAR, SELTJARNARNESS OG KÓPAVOGS(KMSK)

KMSK er svæðafélag kennara í Mosfellsbæ, Seltjarnarnesi og Kópavogi og er fjöldi félagsmanna um 600.

Stjórn

Formaður: Kristgerður Garðarsdóttir.
Varaformaður: Hrafnhildur Svendsen.
Gjaldkeri: Hreiðar Oddson.
Ritari: Árný Jóna Stefánsdóttir.
Meðstjórnendur: Margrét Ingadóttir.

STÖRF FÉLAGSINS

Aðalfundur

Aðalfundur félagsins er haldin einu sinni á ári að jafnaði í maí / júní. Á honum eru venjuleg aðalfundarstörf og kosningar til stjórnar og skoðunarmanna reikninga. Í framhaldi af aðalfundi hefur svo verið haldin vorfagnaður KMSK eins og venja er orðin.

Stjórnarfundir

Stjórn fundar að jafnaði fyrsta þriðjudag í mánuði, stundum oftast eða sjaldnar, allt eftir fyrirliggjandi verkefnum.

Trúnaðarmannafundir

Trúnaðarmannafundir eru haldnir nokkuð reglulega og er venja byrja haustið með trúnaðarmannanámskeiði. Við í KMSK breyttum aðeins út af venju og vorum með fundinn okkar hér í borginni núna þar sem trúnaðarmenn óskuðu eftir því að annað hvert ár væri farið út úr bænum og hitt árið yrðum við herna í borginni. Á þennan fund kom formaður og varaformaður FG og fóru yfir starfið í vetur. Undanfarin ár hafa trúnaðarmenn hist nokkuð oft í tengslum við kjarasamninga.

Námskeið

Í maí stóð KMSK fyrir golfnámskeiðum fyrir kennara svæðisins, bæði fyrir byrjendur og lengra komna. Við höfum líka haldið Flotnámskeið sem hafa verið mjög vinsæl. Núna á vorönn stóð KMSK fyrir ljósmyndanámskeiði fyrir félagsmenn. Þátttaka hefði mátt vera meiri, en 9 manns skráðu sig.

KENNARAFÉLAG REYKJAVÍKUR (KFR)

Reykjavíkurborg rekur [36 grunnskóla](#), þar af tvo sérskóla. Í þeim stunda um 14.000 börn og unglingar nám. Félagsmenn KFR eru um 1400.

Aðalfundur KFR var haldinn 26. apríl 2018 og stjórn svæðafélagsins er hægt að skoða [hér](#).

Frá aðalfundi hafa verið haldnir 4 vel sóttir trúnaðarmannafundir. Auk þess er haldið úti samskiptasíðu á Facebook með stjórn KFR og trúnaðarmönnum. Stjórn KFR er mjög virk og heldur fundi að minnsta kosti mánaðarlega.

Öflugt starf er í félaginu. Í viðtæku samstarfi við Skóla- og frístundasvið Reykjavíkur er þátttaka í mörgum samráðsnefndum og stýrihópum. Formaður er auk þess í Skóla- og frístundaráði.

Félagstarf er jafnframt mikið og margir viðburðir á dagskrá. Ítarleg ársskýrsla er lögð fyrir á aðalfundi félagsins sem haldinn verður 29. apríl 2019.

KENNARASAMBAND AUSTURLANDS (KSA)

Félagssvæði KSA nær frá Vopnafirði í norðri til Örnefa í suðri. Fjöldi félagsmanna er 199. Grunnskólarnir eru 15, reknir af 8 sveitarfélögum.

Stjórn Kennarasambands austurlands er þannig skipuð

Formaður: Esther Kjartansdóttir (Egilsstaðaskóla).
Varaformaður: Sigrún Traustadóttir (Grunnskólanum Eskifirð).
Ritari: Guðrún Ásgeirsdóttir (Nesskóla).
Gjaldkeri: Sigríður Helga Ármannsdóttir (Nesskóla).
Meðstjórnendur: Brynja Sigurjónsdóttir (Grunnskólanum Reyðarfirði).
Varamenn: Unnur Óskarsdóttir (Seyðisfjarðarskóla).

Stjórnarskipan

Esther og Sigrún gáfu kost á sér á ný til stjórnarseti á síðasta aðalfundi og fengu kjörgengi. Esther starfar sem formaður og Sigrún sem varaformaður. Brynja Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi, Guðrún, ritari og Sigríður Helga, gjaldkeri eru allar að ljúka fyrra ári sínu í stjórn.

Störf félagsins

Stjórn KSA skipa fimm aðalmenn og einn til vara. Formaður og stjórn eru kosin til tveggja ára, formaður í sérstakri kosningu. Stjórnarfundir eru haldnir að meðaltali einu sinni í mánuði á skólaárinu og sitja aðalmenn fundina.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn voru samtals 14. Tveir skólar hafa tengiliði og einn skóli hefur tvo trúnaðarmenn. Stór hluti trúnaðarmanna hefur starfað sem slíkur í mörg ár en alltaf koma einhverjir nýir inn á hverju hausti.

Árlega er haldið eins dags námskeið á vegum FG með trúnaðarmönnum í sambandi við haustþingið, það er deginum áður á þingstað, og þeim þá boðin gisting á vegum KSA. Trúnaðarmenn voru fræddir um ýmislegt í sambandi við kjaramálin og réttindi og skyldur grunnskólakennara.

Einnig voru haldnir fundir síðar á starfsárinu með trúnaðarmönnum og fulltrúa FG í sambandi við kjaramál og hafa þá nokkrir trúnaðarmenn gjarnan setið við fjarfundabúnað í heimabæ sínum.

Starfsemi KSA

Að venju hefur aðalstarfsemin verið í sambandi við árlegt haustþing en einnig hafa kjaramál verið ofarlega á baugi.

KSA stendur fyrir haustþingi ár hvert og fer stór hluti af vinnu og tíma stjórnar í þann undirbúning. Haustþingið er eina árlega tækifæri allra grunnskólakennara á svæði KSA til að hittast og ræða málin. Þingið 2018 var haldið í Eskifjarðarskóla á Eskifirði.

Í upphafi var sameignlegur fyrirlestur fyrir alla félagsmenn þar sem Alma Sigríðar Sigurbjörnsdóttir og Steinunn Ásta Lárusdóttir sálfræðingar skólaskrifstofu Austurlands ræddu um einhverfurófið og leiðir til að nálgast einhverfa í skólastarfinu.

Stjórnin ákvað að breyta aðeins frá dagskrá fyrri haustþinga og setti á dagskrá lið sem hét *Stefnumót skólanna*. Þar komu kennarar með áhugaverð verkefni sem verið er að vinna í skólunum og var gefin klukkustund til að ganga á milli og skoða og ræða málið. Við vorum sammála því í stjórninni að kennara vantar oft vettvang til að ræða saman um verkefni og annað sem áhugavert sem verið er að vinna í skólunum. Var almenn ánægja félagsmanna um þessa nýjung.

Eftir hádegismat tóku við faghópafundir þar sem kennarar gátu skipt sér niður á námsgreinar og rætt málin og deilt verkefnum og hugmyndum.

Að þingstörfum loknum var aðalfundur KSA sem gekk ágætlega.

Meginhluti þess fjármagns sem félagið fær úthlutað fer í kostnað vegna haustþings. Með tilkomu Fræðslu- og kynningarsjóðs FG hefur staðan batnað vegna þess að hægt er að sækja styrki í sjóðinn vegna fyrirlesara, sem hafa verið stærsti kostnaðarliðurinn á haustþingunum. Að halda haustþing er eitt af örfáum tækifærum sem við, úti á landi, fáum til að hittast og mynda tengslanet við kennara á sama svæði.

KSA átti fulltrúa á sjöunda þingi KÍ í apríl 2018. Það voru Esther Kjartansdóttir, formaður KSA, Hildur Jórunn Agnarsdóttir, Egilsstaðaskóla og Sigrún Júlía Geirsdóttir, Nesskóla.

Á aðalfundi Félags grunnskólakennara sem var haldinn 17.-18. maí 2018 í Borgarnesi, voru fulltrúar KSA Esther Kjartansdóttir, formaður KSA, Brynja Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi KSA og Kristín Hlíðkvist Skúladóttir, Egilsstaðaskóla

Upplýsingamiðlun

Upplýsingamiðlun til trúnaðarmanna og annarra kennara hefur aðallega farið fram með tölvupóstum þar sem heimasíða svæðafélaga hefur ekki verið virk. Vonandi stendur það til bóta. KSA hefur stofnað Facebooksíðu fyrir félagsmenn sína.

KENNARAFÉLAG REYKJANESS

Kennarafélag Reykjaness var stofnað þann 20. nóvember 1980 og er félagið því á 38. starfsári sínu. Félagssvæði KR nær yfir Garðabæ, Hafnarfjörð, Vatnsleysustrandarhrepp, Reykjanesbæ, Gerðahrepp, Sandgerði og Grindavík.

Páll Erlingsson var endurkjörinn formaður KR til tveggja ára þann 4. maí 2018 en almennir stjórnarmenn eru að ljúka síðara árinu.

Formaður og stjórnarmenn eru kosnir á víxl. Það er gert til að koma í veg fyrir að á aðalfundi geti allir gengið samtímis úr stjórn.

Stjórn Kennarafélags Reykjaness samanstendur því af eftirfarandi einstaklingum

Formaður: Páll Erlingsson Grsk. Grindavíkur, Grindavík.
Varaformaður: Margrét Þórisdóttir Lækjarskóla, Hafnarfirði.
Gjaldkeri: Sigurbjörg Snjólfsdóttir Háaleitisskóla, Reykjanesbæ.
Ritari: Hildur Arna Hákanson Öldutúnsskóla, Hafnarfirði.
Meðstjórnandi: Margrét Össurardóttir, Hvaleyarskóla, Hafnarfirði.
Varamenn: Silja Kristjánsdóttir, Sjúlandsskóla, Garðabæ.
Úlfhildur Helga Guðbjartsdóttir, Hvaleyarskóla, Hafnarfirði.

STÖRF FÉLAGSINS

Starfsemi félagsins frá síðasta aðalfundi hafa verið hefðbundin og má skipta þeim í grasrótastarf, vinnu með trúnaðarmönnum og félagslega þætti.

Á yfirstandandi skólaári (og undanfarin ár) hafa kjaramálin verið umfangsmikil og því hafa eftirmiðdagsfundir með trúnaðarmönnum að fjallað að mestum hluta um stöðu kennara og hvað

leggja eigi áherslu í kjarasamningum. Fyrirferðarmestu þættirnir hafa verið íþyngjandi verkefni eins og auknar skráningar, námsmat, samskipti við heimili og námskrárvinna.

Í samræmi við stefnu FG hafa svæðafélög og formenn þeirra verið virkjuð í tengslum við kjaramálaumræðu og stefnumótun í kjaraviðræðum FG og SNS. Þessu fyrirkomulagi hefur verið viðhaldið nú í nokkur ár og hefur gefið góða raun þar sem trúnaðarmenn svæðafélaganna hafa getað lagt sín lóð á vogarskálarnar um áhersluatriði í komandi kjarasamningi. Það hefur verið að breytast þar sem færst hefur í aukana að félagar hafi samband við Kennarafélagið í leit að upplýsingum, ráðgjöf ofl.

Trúnaðarmannafundir

Trúnaðarmannanámskeið FG og KR hefur verið með sama sniði undanfarin ár. Þau hafa verið haldin á Flúðum þar sem gist er í skálum Kennarasambandsins.

Stjórn KR valdi þennan kost með það að markmiði að efla samkennd og efla trúnaðarmannahópinn á félagsvæðinu. Við þetta bætast áður nefndir eftirmiðdagsfundir og má því segja að stjórn Kennarafélagsins er og hefur ætíð verið í góðum tengslum við sína trúnaðarmenn ásamt því að vera nokkuð upplýst um hvernig sveitarfélög sinna skólamálum og kennurum í félagsvæðinu. Áður fyrr voru morgunfundir en Kennarafélagið breytti því fyrirkomulagi og hefur nú 2 eftirmiðdagsfundir með öllum trúnaðarmönnum. Það hefur reynst betur að fá trúnaðarmenn að lokinni kennslu og enginn asi á að ljúka fundi svo kennarar komist aftur til starfa í skólanum. Það er einnig mikilvægt að trúnaðarmenn af suður- og norðursvæði geti spjallað saman.

Samskipta og upplýsingasíður

Ný vefsíða KR var formlega tekin í notkun rétt fyrir áramótin 2015 og þar er að finna helstu fréttir og upplýsingar um félagið. Vefsíðan er hýst á vefsvæði Kennarasambandsins.

Fésbókarsíða KR hefur margoft sannað gildi sitt og umferð um síðuna hefur aukist jöfnum skrefum. Sú síða miðlar helstu upplýsingum til félagsmanna og fylgjenda KR ásamt því að tilkynningar af ýmsum toga ná fljótt til þess hóps. Má segja að fésbókarsíðan gegni veigameira hlutverki en vefsíða KR. Nú er svo komið að rúmlega 50% félagsmanna á svæðinu eru fylgjendur síðunnar.

Námskeið

Kennarafélagið hefur auk þessa lagt áherslu á félagslega þáttinn með auknu framboði á námskeiðum sem voru sérstaklega hugsuð að því að koma til móts við áhugasvið félagsmanna, s.s. gönguferðir, dansnámskeið, ljósmyndanámskeið, jóganámskeið, ostagerðarnámskeið og margt fleira.

Vægi Kennarafélagsins hefur aukist með tillit til aðgengi að grasrótinni ásamt því að takast á við einstaka mál sem upp koma á félagsvæði þess. Nærvera þess er sífellt að styrkjast og er það vel.

KENNARASAMBAND NORÐULANDS-VESTRA (KSNV)

Svæðafélagið er lítið en víðfeðmt og nær frá Hólmavík yfir til Ólafsfjarðar.

Stjórn er skipuð eftirfarandi aðilum

Formaður: Álfhildur Leifsdóttir, Árskóla, Sauðárkróki.
Varaformaður: Sigurlaug Guðjónsdóttir, Grunnskóli Fjallabyggðar, Siglufirði.
Gjaldkeri: Sonja Dröfn Helgadóttir, Höfðaskóli, Skagaströnd.
Ritari: Einarína Einarsdóttir, Árskóla, Sauðárkróki.
Meðstjórnandi: Þorbjörn Gíslason, Grunnskóli Húnaþings vestra, Hvammstanga.
Varamaður: Þórunn Eyjólfsdóttir.

STARFSEMI SVÆDAFÉLAGSINS

Frá síðasta haustþingi félagsins 2017, voru töluverðar breytingar á stjórn félagsins, Anna Margrét Sigurðardóttir er nú aðstoðarskólastjóri og því ekki lengur gjaldgeng sem stjórnarmaður, Bergmann Guðmundsson flutti sig um set og er nú búsettur á Akureyri og Helga Gunnarsdóttir flutti sig einnig um set og býr nú í Reykjavík. Stjórn þakkar þeim fyrir vel unnin störf og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Það var því góðmenn en fámenn stjórn er undirbjó haustþingið 2018 en Bergmann hafði fengið Álfhildi Leifsdóttur til að taka við formennsku þar til kosið yrði á haustþingi. Því var það í höndum Álfhildar, Sonju og Þorbjarnar að undirbúa og skipuleggja haustþingið. Þar var Álfhildur kosin nýr formaður, Einarína ritari og Sigurlaug varaformaður, auk þess sem Þórunn var kosin varamaður í stjórn.

Fundir eru fáir vegna vegalengda en mikil og góð samskipti í gegnum samfélagsmiðla þar sem bróðurparturinn af starfi stjórnar fer fram. Starf KSNV hefur verið með hefðbundnu sniði og í föstum skorðum. Formaður sótti samráðsfundi í Reykjavík sem er mikilvægur vettvangur til skoðanaskipta við stjórn KÍ, þar sem formaður hefur tök á að koma fram með hugmyndir stjórnar og félagsmanna, sem og að koma þeim hugmyndum er fram koma á fundunum áfram til sinna félagsmanna og stjórnar. Á árinu var aðalfundur KÍ í apríl, þar sem félagið átti sína fulltrúa sem og á aðalfundi FG, er haldin var í maí.

Haustþing eru haldin í september/október ár hvert og er leitast við að dreifa þeim um svæðið með fyrirfram ákveðnu skipulagi. Sauðárkrókur - Siglufjörður/Ólafsvík - Varmahlíð - Blönduós/Hvammstangi og þannig gengur þetta hringinn. Hefur þetta fyrirkomulag mælst vel fyrir og auðveldar allt skipulag. Reynt hefur verið að halda úti fjölbreyttu og áhugaverðu haustþingi á hverju ári þrátt fyrir naum fjárráð og hefur það gengið eftir. Með tilkomu Fræðslu- og kynningarsjóðs FG hefur staðan batnað mikið og gert okkur kleift að halda úti metnaðarfullra starfi en ella vegna þess að hægt er að sækja styrki í sjóðinn vegna fyrirlesara, sem hafa verið stærsti kostnaðarliðurinn á haustþingunum. Að halda haustþing er eitt af örfáum tækifærum sem við, úti á landi, fáum til að hittast og mynda tengslanet við kennara á sama svæði. Við höfum reynt að hreyfa við skipulaginu á hverju og einu haustþingi og boðið upp á haustþing þar sem eru einungis málstofur/vinnustofur og á 2-3 ára fresti verið með vinnufundi þar sem fólk raðar sér í smíðjur eftir þeim fögum sem það kennir og lærir hvert af öðru. Þetta hefur mælst vel fyrir og er almenn ánægja með fyrirkomulagið. Einnig höfum við lagt áherslu á að fá góða fyrirlesara sem ná til sem flestra, t.d. fengum við haustið 2018 Þorgrím Þráinsson, lífskúnter, með tvo fyrirlestra, *Sterk liðsheild* og *Verum ástfangin af lífinu* og Eyrúnu Kristínu Gunnarsdóttur, sálfræðing með

fyrirlestur um kvíða barna. Það hefur verið almenn ánægja með þessa fyrirlestra og fyrirlesara meðal félagsmanna okkar.

Trúnaðarmannafundir eru yfirleitt 1-2 á hverju skólaári. Hefðbundinn fundur að hausti þar sem farið er yfir kjarasamninginn og formaður/varaformaður situr fyrir svörum varðandi þau mál sem brenna á trúnaðarmönnum á hverjum tíma. Þetta er ómetanlegt fyrir okkur sem erum langt frá höfuðborgarsvæðinu að fá þá sem stjórn á hverjum tíma til að koma og kynnst svæðinu og trúnaðarmönnum. Á síðustu árum hefur líka verið þörf fyrir annan trúnaðarmannafund vegna samningamála sem hafa verið fyrirferðamikil á síðustu 4 árum og hefur hann verið haldinn í febrúar/mars ár hvert.

Stjórn hefur hugmyndir um eflingu félagsins enn frekar og sér fyrir sér að vera sýnilegri meðal félagsmanna, t.d. með því að vera sýnilegri innan skólanna. Þetta er þó ekki fastmótað auk þess sem skoða þarf hvernig hægt væri að koma því við innan tíma- og starfsramma stjórnar.

KENNAFÉLAG SUÐURLANDS (KS)

Starfssvæði Kennarafélags Suðurlands er víðfeðmt og nær frá Þorlákshöfn að Kirkjubæjar-
klaustri. Haustið 2018 voru félagsmenn á svæðinu 337 talsins.

Aðalfundur

Aðalfundur ársins 2018 var haldinn á Flúðum. Mæting félagsmanna á fundinn var góð. Þáverandi stjórn Kennarafélags Suðurlands lauk tveggja ára setu og því kosningar að þessu sinni. Framboð komu í allar stöður.

Verkaskipting stjórnar starfsárið 2017-2018 var eftirfarandi

Formaður: Kolbrún Guðmundsdóttir, Sunnulækjarskóla.
Varaformaður: Íris Árný Magnúsdóttir, BES.
Gjaldkeri: Klara Öfjörð, Sunnulækjarskóla.
Ritari: Hjördís Pétursdóttir, Grunnskólanum á Hellu.
Meðstjórnandi: Hólmfríður Sigrún Gylfadóttir, Sunnulækjarskóla.

Varamenn voru ekki til staðar. Annað hvort höfðu þeir tekið sæti í stjórn eða snúið til annarra starfa.

Ný stjórn kjörin og formaður endurkjörinn fyrir tímabilið 2018-2020

Formaður endurkjörinn: Kolbrún Guðmundsdóttir, Sunnulækjarskóla.

Í stjórn voru kjörnir eftirfarandi aðilar sem hafa skipt með sér verkum:

Varaformaður: Hjördís Pétursdóttir, Sunnulækjarskóla.
Ritari: Kristín Björnsdóttir, Sunnulækjarskóla.
Gjaldkeri: Júlía Traustadóttir Kondrup, BES.
Meðstjórnandi: Daði Steinn Arnarsson, Grunnskólanum í Hveragerði.

Varamenn voru kjörnir og eru eftirfarandi: Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson Laugalandsskóla, Anna Dóra Ágústsdóttir Grunnskólanum í Hveragerði og Sigurður Halldór Jesson Vallaskóla.

Félagslegir skoðunarmenn reikninga

Félagslegir skoðunarmenn reikninga voru kjörnir til tveggja ára og eru þau Sigurður Halldór Jesson og Íris Árný Magnúsdóttir.

Uppstillinganefnd

Í uppstillinganefnd voru kjörnar til tveggja ára þær Íris Árný Magnúsdóttir og Hildur Bjargmundardóttir.

Verkefni starfsársins

Starfsárið hefur verið hefðbundið. Verkefni þess hafa verið haustþing, trúnaðarmannanámsskeið og fundir með félagsmönnum og trúnaðarmönnum. Stjórnin fundaði eftir þörfum og nýtir þess á milli tölvupóst og samskiptamiðla í auknum mæli.

Stjórn hefur viljað auka fræðsluþátt í starfi félagsins og félagar eru hvattir til að koma hugmyndum til stjórnar um áhugavert efni. Hvort sem um er að ræða fyrirlestra eða stutta samráðsfundi þar sem hægt er að skiptast á hugmyndum og læra hvert af öðru.

Fulltrúar í trúnaðarstörfum

Eins og kunnugt er fóru fram kosningar til trúnaðarstarfa á vegum Félags grunnskólakennara á síðasta starfsári. Nokkrir félagar Kennarafélagi Suðurlands gáfu kost á sér og sitja nú í nefndum og ráðum á vegum Kennarasambands Íslands. Félagarnir og nefndirnar/sjóðirnir eru eftirfarandi:

- Kristín Björnsdóttir, Sunnulækjarskóla, skólamálanefnd FG.
- Sigprúður Harðardóttir, Grunnskólanum í Þorlákshöfn, skólamálanefnd FG.
- Kolbrún Guðmundsdóttir, Sunnulækjarskóla, jafnréttisnefnd KÍ.
- Samúel Örn Erlingsson, Grunnskólanum Hellu, orlofsjóði KÍ.

Trúnaðarmenn

Mikilvægur hlekkur í starfi félagsins eru trúnaðarmenn í skólunum. Haldið er góðu sambandi við trúnaðarmenn á svæðinu í gegnum tölvupóst og á facebook síðu trúnaðarmanna.

Haustþingsdagur 2018

Haustþing Kennarafélags Suðurlands var haldið á tveimur dögum þetta árið og ákvörðun tekin um að þannig skyldi málum háttað annað hvert ár. Hitt árið mun þingið verða í formi menntabúða og haldið á einum degi. Síðastliðið þing heppnaðist afar vel þar sem haldnir voru góðir fyrirlestrar og gott samtal skapaðist milli félagsmanna. Haustþing eru mikilvægur þáttur í félagsstarfi svæðafélaganna og góður staður fyrir kennara til að skiptast á hugmyndum.